



FROSTHEIMAR
FRÍSTUNDAHEIMILIÐ
TJÖRNIN • FRÍSTUNDAHÁSKÓLINN



Reykjavíkurborg



TJÖRNIN
FRÍSTUNDAHÁSKÓLINN
VESTURBÆIR • H. DECEC • H. DECEC

Aðgerðaráætlun Frostheima 2025-2026

Inngangur:

Frístundaheimilið Frostheimar heyrir undir frístundamiðstöðina Tjörnina sem þjónustar Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar. Tjörninn heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Frostheimar er safnfrístundaheimili og þjónustar börn í 3ja og 4ða bekk í Granda-, Mela- og Vesturbæjarskóla og er staðsett við Frostaskjól 6. Forstöðukona er Kristný Rós H. Gústafsdóttir og aðstoðarforstöðufólk eru Haydee Adriana Lira Nunez og Alexander Leósson. Starfsmenn eru um 22 þegar fullmannað með fjölbreytta menntun og reynslu sem er til þess fallin að auðga og efla starfið með börnunum.

Hlutverk og gildi Tjarnarinnar:

Frístundamiðstöðin Tjörninn hefur einsett sér að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi. Rík áhersla er lögð á að börnum og unglingum í hverfinu standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska og til þess að ná því vinnum við með virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Við hugum einnig sérstaklega að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu. Við höfum sett okkur ákveðin gildi sem leggja grunn að öllu starfi á okkar vegum, en þau eru:

Framsækni - gott getur alltaf orðið betra!

Umhyggja - okkur er ekki sama!

Fjölbreytileiki - með opnum hug opnast dyr!

Um aðgerðaráætlunina:

Aðgerðaráætlun þessi er unnin sem liður í starfsáætlun Tjarnarinnar, en starfsáætlanir frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs eru unnar út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar og Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglinga í hverfinu. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2025 og gildir til 31. ágúst 2026. Starfsáætlun Tjarnarinnar í heild sinni má nálgast á heimasíðu Tjarnarinnar www.tjornin.is, en þar má finna nánari upplýsingar um markmið og leiðir í starfinu.

Aðgerðaráætlun hverrar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forráðamenn geti fylgst með dagskránni hverju sinni, en vakinn er athygli á því að aðgerðaráætlunin er lifandi skjal sem getur tekið breytingum yfir starfsárið.

Hér aftast munum við lista upp helstu verkefni og viðburðina sem eru í hverjum mánuði starfsársins fyrir sig. Þess ber að gæta að þessi listi er ekki tæmandi eða bindandi, enda er starfið okkar lifandi vettvangur sem tekur mið af þörfum þess barna- og starfsmannahóps sem hjá okkur er. Hann á þó að gefa góða mynd af því hvernig við vinnum og hvernig við setjum framangreind markmið og áhersluþætti í framkvæmd í raunverulegum verkefnum.

Ávallt er boðið upp á útveru, hreyfingu og frjálsan leik í bland við fjölbreyttar smíðjur, klúbba og þematengd verkefni. Með þessu móti náum við góðu jafnvægi á milli þess að leyfa börnunum að njóta sín með félögum sínum og sinna sínum hugðarefnum þegar formlegri dagskrá skólans sleppir og að fá útrás



FROSTHEIMAR
FRISTUNDAHEIMILINN
TJÖRNIN • FRISTUNDAHEIMISTÓÐ



Reykjavíkurborg



TJÖRNIN
FRISTUNDAHEIMISTÓÐ
VESTUR-ÍCH • H. DECEC • HJÓÐAR

fyrir hreyfiþörf sína, náttúrulega forvitni og skapandi hugsun þannig að þau fái sem mest út úr veru sinni í fristundaheimilinu. Áhersla er lögð á það að styðja við lestrarnám barnanna með óformlegum hætti, svo sem með því að hafa gott aðgengi að bókum í fristundaheimilinu og með því að hafa ritmálið sýnilegt í umhverfinu, m.a. með því að merkja helstu hluti og rými í starfinu með bæði orðmynd og mynd. Þetta hjálpar einnig til við að styðja við og ýta undir markvisst íslenskunám hjá börnum sem ekki eru með íslensku að móðurmáli. Við erum einnig dugleg að nýta okkur bókasöfnin í hverfinu og erum í góðu samstarfi við skólabókasafnið og nýtum okkur verkfæri fristundalæsis.

Nálgun við gerð aðgerðaráætlunar:

Við gerð þessarar aðgerðaráætlunar var leitast við að hafa víðtækt samráð við sem flesta hagsmunaaðila til þess að geta sem best mætt þörfum þeirra og óskum um þjónustu. Meðal annars var leitað eftir hugmyndum barnanna um það hvernig þau vilja sjá starfið í gegnum „Frostheimar er okkar“ barnaráðið sem hittist 1-2 í mánuði.

Síðast en ekki síst voru starfsmenn virkir í vinnunni og koma með ýmsar góðar tillögur að verkefnum þar sem við náum að koma framangreindum markmiðum og áherslum í aldursviðeigandi og áhugahvetjandi verkefni fyrir krakkana.

Menntastefnan:

Við störfum í anda menntastefnu Reykjavíkurborgar en meginmarkmið hennar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm, sjá nánar hér að neðan:

1. Félagsfærni:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrik samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Starfið í fristundaheimilunum er í eðli sínu þjálfun í eflingu félagsfærni og markvisst er unnið með félagsfærni í gegnum félagsfærnileiki, samvinnuverkefni og vináttuþjálfun, ásamt því sem börnunum er leiðbeint um samskipti í leik og við lausn ágreinings. Við veitum börnum fjölbreyttan vettvang til þess að tjá skoðanir sínar, leggjum áherslu á að þau þjálfist í að tjá skoðanir sínar, læri að hlusta á skoðanir annarra og virða þær. Börnum er leiðbeint um hvernig leysa má friðsamlega úr ágreiningsmálum og þeim veitt leiðsögn í samskiptum, samvinnu og samkennd og þeim veitt tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri í fjölbreyttu, lýðræðislegu samstarfi.

2. Sjálfsmynd:

Sterk sjálfsmynd barna og trú á eigin getu er einhver besti grunnur sem hægt er að veita barni út í lífið.

Sjálfsþing felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu og að það læri að þekkja styrkleika sína og veikleika. Við leggjum áherslu á að kenna börnunum sjálfsaga og að efla með sér þrautseigju og seiglu. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti, læra að leysa ágreining friðsamlega og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og almennt árangur í lífinu. Við leggjum á það ríka áherslu að efla börnin og styðja í því að verða sterkir, sjálfbjarga einstaklingar, en það gerum við m.a. með því að þjálf þau í því að taka sjálfstæðar ákvarðanir, að ögra þeim og kenna þeim að standa með sjálfum sér, að hjálpa þeim að þekkja sig sjálf og tilfinningar sínar, hjálpa þeim að átta sig á hvað þau vilja og opna hug þeirra fyrir



hugmyndum og fólki. Við veitum þeim jákvæða hvatningu til að koma eigin hugmyndum í framkvæmd, en einnig hjálpum við þeim að bjarga sér í hversdeginum, svo sem með því að hjálpa þeim að læra á nærumhverfi sitt, læra á klukku og að passa tímann sinn, læra að gera sér einfaldan mat svo þau eigi auðveldara með að sjá um sig sjálf þegar þau eru vaxin upp úr frístundaheimilinu o.s.frv.

3. **Læsi:**

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnni hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákn. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Við vinnum með að efla þekkingu og skilningur barna á samfélagi sínu og umhverfi, eflum með þeim miðlælasi, menningarlæsi og svo almennt ritmáls læsi með fjölbreyttum verkefnum, svo dæmi séu tekin um hvernig unnið er með læsi í frístundaheimilunum okkar en góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi.

4. **Sköpun:**

Í frístundaheimilunum er lögð rík áhersla að vinna með sköpun og skapandi viðfangsefnum og því bjóðum við ávallt upp á fjölbreytt úrval af viðfangsefnum sem stuðla að sköpun og skapandi hugsun. Fjölbreytni er í skapandi viðfangsefnum, þeim er gert jafn hátt undir höfði og öðrum verkefnum og áhersla er á að börnin hafi gott aðgengi að skapandi efnivið þar sem þau hafa val um að vinna eftir fjölbreyttum leiðum. Auk þess tökum við þátt í listviðburðum eins og barnamenningarhátíð og heimsækjum reglulega söfn og aðrar menningarstofnanir. Við erum dugleg við að nota opinn efnivið og flétta tækninni inn í starfið okkar þannig að krökkum gefist færi á að fá sem flesta snertifleti við verk-, tækni- og listnám. Við leggjum áherslu á skapandi verkefni, hvort sem er í stuttum smiðjum eða lengri klúbbum og reynum að flétta saman skapandi vinnu og verklegri vinnu þar sem börnin þjálfast í meðferð áhaldna, s.s. með skartgripagerð, tálgun, ljósmyndum o.s.frv.

5. **Heilbrigði:**

Undir heilbrigði falla meðal annars lífs- og neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Í hnotskurn má segja að sá einstaklingur sé heilbrigður sem hefur tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl og öðlast hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi. Unnið er að því að skapa umræður um heilbrigði í viðum skilningi, t.d. vellíðan, margbreytileika, svefn og hollar lífs- og matarvenjur. Við störfum eftir gátlista skóla- og frístundasviðs um heilsuefandi frístundastarf og styðjum þannig að heildrænt heilbrigði barnanna og hjálpum þeim að leggja góðan grunn að heilbrigðum lífsstíl.

Leiðarljósir okkar:

Tvö leiðarljós vísa okkur veginn við að ná markmiðum menntastefnunnar. Hið fyrra er „barnið sem virkur þátttakandi“ og hið síðara er „fagmennska og samstarf í öndvegi“.

- **Barnið sem virkur þátttakandi:**

Uppeldi og menntun barna og unglinga er samfélagslegt verkefni og á sér stað bæði með formlegum og óformlegum hætti. Í skóla- og frístundastarfi er virkni barna og lýðræðisleg þátttaka í leik og starfi mikilvægt leiðarljós. Veita þarf börnum viðeigandi stuðning og byggja á styrkleikum þeirra og bakgrunni svo að þau geti haft áhrif á nám sitt, líðan og umhverfi. Menntastefnan byggir á grunnstefjum barnasáttmálans um að menntun barns skuli beinast að því



FROSTHEIMAR
FRÍSTUNDAHEIMILLI
TJÖRNIN • FRÍSTUNDAHEIMSTÖÐ



Reykjavíkurborg



TJÖRNIN
FRÍSTUNDAHEIMSTÖÐ
VESTUR-ÍCH • H. DECE • HJÓÐAR

að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess til þess að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Menntastefnan myndar umgjörð um menntun sem byggir á farsælu skóla- og frístundastarfi í borginni en tekur um leið framtíðinni opnum örmum og veitir nýrri tækni, þekkingu, hugmyndum og fjölbreytileika farveg. Við vinnum út frá hugmyndafræðinni um virkt barnalýðræði þar sem við leitum fjölbreyttra leiða til að fá fram sjónarmið og raddir barnanna og notum við til þess fjölbreyttar leiðir. Eitt af því sem við gerum er að hafa hugmyndakassa / ípad þar sem þau geta sett hugmyndir, tillögur eða óskir til starfsmanna hvenær sem þeim dettur í hug og úr þeim er unnið ýmist jafnóðum og þeim hrint beint í framkvæmd. Barnaráðsfundur er svo haldinn einu sinni í mánuði þar sem Hugmyndakassinn er tæmdur og gert drög að plani fyrir næsta mánuðinn. Ákveðið er hvaða hugmyndir eru framkvæmdar og hvaða tillidagar börnin vilja hafa næsta mánuðinn, t.d. dótadag/náttfatadag eða það sem þeim dettur í hug eða kemur úr hugmyndakassanum.

- **Fagmennska og samstarf í öndvegi:**

Í frístundaheimilinu Frostheimum starfar framsækið starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, tileinkar sér nýja starfshætti og vinnur saman að sameiginlegum markmiðum. Hlutverk starfsfólks er að koma til móts við þarfir barnsins og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi. Í þessu samhengi skiptir miklu að virkja áhuga og ástríðu allra barna en það hefur bein áhrif á árangur þeirra. Til þess að það takist þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Starfsfólkið setur metnað sinn í það að húsnaði og aðstaða veiti fullnægjandi umgjörð um starfið og að starfið stuðli að heilbrigði, þroska og vellíðan barna og starfsmanna.

Foreldrasamstarf:

Fjölskyldur barna í frístundaheimilinu eru mikilvægir samstarfsaðilar okkar og leggjum við mikla áherslu á að eiga í góðu samstarfi við þá, tökum vel í ábendingar, hvetjum til samstarfs og finnum leiðir sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Í því skyni að eiga í góðu samstarfi við foreldra leggjum við áherslu á gott upplýsingaflæði, við erum með virkar Facebooksíður sem veita góða innsýn inn í daglegt starf okkar, við erum með foreldraviðburði og opin hús að lágmarki einu sinni á önn, við bjóðum upp á einstaklingsmiðuð foreldraviðtöl að hausti og að vori (nóvember og mars) og nýjum foreldrum í frístundaheimilinu er boðið á kynningu í september. Auk þess hafa foreldrar greiðan aðgang að stjórnendum frístundaheimilisins á morgnana svo dæmi séu tekin um þær fjölbreyttu leiðir sem við notumst við til að eiga í góðum foreldrasamskiptum.



FROSTHEIMAR
FRÍSTUNDAHEIMILIÐ
TJÖRNIN • FRÍSTUNDAHEIMISTÖÐ



Reykjavíkurborg



TJÖRNIN
FRÍSTUNDAHEIMISTÖÐ
VESTURBÆJER • MELASKÓLI • GRANDASKÓLI

Aðgerðaráætlun Frostheima starfsárið 2025-2026:

Ágúst

- Sumarfrístund hefst aftur eftir sumarlokun 05.08.2025.
- Síðasti dagur í sumarfrístund 20.08.2025.
- Starfsdagur frístundaheimila Tjarnarinnar 21.08.2025.
- Skólasetning 22.08.2025 - lokað í Frostheimum.
- Vetrarfrístund hefst 25.08.2025 fyrir börn sem hafa fengið pláss.
- Ráðning nýrra starfsmanna.
- Valkerfið sett af stað – teknar myndir af börnunum.
- Tekið á móti börnum og þeim kynnt starfið og starfsfólkið í Frostheimum, farið í gildin okkar.

September

- **Heilsuvika 23.-26.09.** - fyrsta sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar.
- Þema mánaðarins – **Félagsfærni og heilbrigði.**
- Foreldrakynning í Frostheimum þriðjudaginn 16. september kl: 17:10.
- Starfsmannafræðslufundir haldnir alla miðvikudaga klukkan 12:30 í vetur.
- **Heilir dagar í september: Vesturbæjarskóli 30. september.**

Október

- **Vísinda- og tilraunavika 13.-16.10.** - önnur sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar
- Þema mánaðarins - **Sköpun og læsi.**
- Fjarkinn: 4. bekkjar klúbbur hefur göngu, fundar og gerir smá dagskrá fyrir önnina.
- **Starfsdagur í Frostheimum 23.10. Lokað í Frostheimum**
- **Vetrarfrí grunnskólanna 24.-28.10. Lokað í Frostheimum.**
- Foreldrum boðið að bóka foreldraviðtöl í nóv.
- **Hrekkjavökuparty Frostheima föstudaginn 31.10.**
- **Heilir dagar í október: Vesturbæjarskóli 01.10., allir skólar 02.10. Melaskóli 07.10. og Grandaskóli 16.10.**

Nóvember

- **Barnaréttindavika 17.-21.11** - þriðja sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar í tilefni afmælis sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins
- Þema mánaðarins – **Sjálfsmynd og læsi**
- Foreldraviðtöl fyrir þá sem það kjósa fyrstu tvær vikur í nóv.
- Baráttudagur gegn eineltis 8.11.
- **Afmæli Barnasáttmálans 20. nóvember** – Foreldrakaffi – opið hús
- Brunæfing
- Undirbúningur og föndur fyrir Jólamarkað frístundaheimila Tjarnarinnar hefst. Einblínt á hálpsemi í tengslum við markaðinn. Af hverju erum við að föndra og safna pening fyrir önnur börn út í heimi? Umræður og fræðsla um SOS í föndurgerðinni.
- **Heilir dagar í nóvember: Vesturbæjarskóli 10.10., Melaskóli 26.11. og Grandaskóli 28.11.**

Desember



FROSTHEIMAR
FRÍSTUNDAHEIMILI
TJÖRNIN • FRÍSTUNDAHEIMISTÓÐ



Reykjavíkurborg



TJÖRNINN
FRÍSTUNDAHEIMISTÓÐ
VESTURBÆIR • MIÐBÆIR • HÍÐUM

- **Jólamarkaður fjölskyldunnar fös. 12.12.** - sameiginlegur viðburður frístundaheimila Tjarnarinnar í samstarfi við SOS barnaþorp. Allur ágóði rennur óskiptur til SOS. Haldinn í Tjörninni fyrir frístundaheimili í Vesturbær og í Spennistöðinni fyrir frístundaheimilin í og Miðborg og Hlíðum.
- Þema mánaðarins – **Félagsfærni og sköpun**
- **Jóla og áramótafrí – Lokað í Frostheimum 24. desember og 31. desember**
- **Heilir dagar í desember: allir skólar 22., 23., 29. og 30. (og 2. janúar).**

Janúar Gleðilegt árið 2026 😊

- **Fjölmenningsvika 12.-16.01.** - fjórða sameiginlega þemavika frístundaheimila
- Þema mánaðarins – **Læsi**
- **Heilir dagar í janúar: allir skólar 02.01., Grandaskóli 22.01. og Vesturbæjarskóli 28. og 29.01.**

Febrúar

- **Miðlælæsisvika 09.-13.02.** - fimmta sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar
- Þema mánaðarins – **Heilbrigði og sköpun**
- Bollu-, sprengi- og öskudagur 16. – 18.02
- Öskudagsskemmtun í frístundaheimilinu 18.02.
- **Vetrarfrí grunnskólanna 19.-20. 2. Lokað í Frostheimum.**
- Undirbúningur fyrir Hæfileikakeppni Frostheima hefst
- Starfsþróunarsamtöl hefjast
- Þjóða foreldrum að bóka foreldraviðtöl í mars
- **Heilir dagar í febrúar: allir 06.02. og Melaskóli 11.02.**

Mars

- **Umhverfisvika 16.- 20.03.** - sjötta sameiginlega þemavika frístundaheimila með áherslu á heimsmarkmið SP og loftslagsvandann
- Þema mánaðarins – **Sjálfsfelling**
- Hæfileikakeppni Frostheima
- Foreldraviðtöl. Foreldrar geta óskað eftir viðtali við forstöðu- og/eða aðstoðaforstöðumenn og fengið endurgjöf hvernig barninu gengur.
- Starfsþróunarsamtöl halda áfram
- Skráning hefst fyrir næsta skólaár
- Sköpun og sjálfsfelling: Hæfileikakeppni Frostheima hefst
- Fjarkinn: Umræða um lokahóf 4.bekkinga sett af stað og skipulagning gerð af krökkunum.
- **Heilir dagar í mars: allir 30.03. og 31.03.**

Apríl

- **Barnamenningsvika 20.- 24.04.** - sjöunda sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar
- Þema mánaðarins – **Læsi og Sköpun**
- Sögukeppni Frostheima
- Barnamenningsrátið í Reykjavík 21.- 26.04.
- Foreldrakaffi – opið hús fyrir Foreldra í barnamenningsviku.
- **Páskafri 02.04., 03.04. og 06.04. Lokað í Frostheimum.**
- **Sumardagurinn fyrsti 23.04. Lokað í Frostheimum.**



FROSTHEIMAR
FRÍSTUNDAHEIMILI
TJÖRNIN • FRÍSTUNDAHEIMISTÖÐ



Reykjavíkurborg



TJÖRNIN
FRÍSTUNDAHEIMISTÖÐ
VESTURBÆIR • MIÐBÆIR • HÁBÆIR

- Kynning á sumarstarfi hefst
- [Heilir dagar í apríl: allir 01.04.](#)

Mái

- Margbreytileikavika 11.-15. maí – áttunda sameiginlega þemavika frístundaheimila Tjarnarinnar
- Þema mánaðarins -**Heilbrigði og félagsfærni**
- 2.bekkingum, tilvonandi Frostheimabúum boðið í heimsókn í kynningu með kennurum sínum.
- Sjálfsefning: Strætósmiðja þar sem börnin læra á strætó og leiðarkerfið. Læra að lesa tímatöflur, kaupa strætómiða og hvaða strætisvagnar keyra um vesturbæinn. Skipuleggja og fara í strætóferð.
- Regnbogahlaup á Ægissíðu föstudaginn 15.05.
- **Uppstigningadagur 14.05. – Lokað í Frostheimum**
- **Annar í hvítasunnu 25.05. - Lokað í Frostheimum**
- [Heilir dagar í maí: allir 04.05.](#)

Júní

- **Skólaslit 05.06. – Lokað í Frostheimum**
- **Starfsdagur barnastarfs 08.06. Lokað í Frostheimum**
- Sumarfrístund hefst 09.06.

Júlí

- Sumarfrístund lýkur hjá öllum stöðum 03.07.
- Lokað á öllum stöðum 6. júlí - til 4. ágúst.

Ágúst.

- Sumarfrístund opnar aftur á öllum stöðum 06.08.
- Síðasti dagur í sumarfrístund 19.08.